

Reykjanesbær kt. 470794-2169 og Kvennakór Suðurnesja kt. 591071-0259  
**gera með sér svofelldan**

## **SAMNING**

um framlög úr bæjarsjóði til Kvennakórs Suðurnesja á árunum 2004-2006.

### 1. gr.

Reykjanesbær greiðir x krónur til Kvennakórs Suðurnesja á ári í þrjú ár eða á árunum 2004-2006, að samþykktri fjárhagsáætlun bæjarins hverju sinni. Fjárhæðin er ótengd verðlagsbreytingum og helst því óbreytt út samningstímabilið.

### 2. gr.

Útborgun á framlögum Reykjanesbæjar sbr. 1. gr. verði tvær jafnar greiðslur á ári hverju, sú fyrri í janúar og sú seinni þegar lágmarki vegna umsaminnna verkefna sbr. 3. gr. hefur verið náð, þó ekki fyrir en í októbermánuði.

### 3. gr.

- Kvennakór Suðurnesja mun halda að lágmarki tvenna tónleika í Reykjanesbæ á hverju ári 2004-2006. Eins mun Kvennakórinn koma fram við ýmiss tækifæri önnur eftir nánara samkomulagi hverju sinni.
- Kvennakórinn mun eins og fyrri ár og með svipuðu sniði taka þátt í viðburðum og hátíðarhöldum á vegum Reykjanesbæjar, s.s. Ljósanótt og þrettándanum.
- Kórinn leitist við að kynna starfsemi sína og auglýsa viðburði sína vel og býður konum á öllum aldri að taka þátt í starfsemi sinni.

### 4. gr.

Stjórn Kvennakórsins skal í upphafi starfsárs afhenda menningarfulltrúa fyrirhugaða verkefnaáætlun og yfirlit yfir starf kórsins á fyrra ári ásamt undirrituðum ársreikningi.

### 5. gr.

Verði ekki staðið við þennan samning að hálfu Kvennakórs Suðurnesja áskilur Reykjanesbær sér rétt til þess að endurskoða stuðning sinn og stöðva greiðslur þar til úr hefur verið bætt. Samningurinn er uppsegjanlegur með 6 mánaða fyrirvara.

### 6. gr.

Samningur þessi er gerður í tveimur eintökum og heldur hvor aðili sínu eintaki.

Reykjanesbær 15. nóv. 2003

f.h. Reykjanesbæjar

f.h. Kvennakórs Suðurnesja

Árni Sigfússon, bæjarstjóri

Anna Birna Árnadóttir

Vottur:

Valgerður Guðmundsdóttir, menningarfulltrúi